

**Fyrir réttum tuttugu árum var ungur maður á leið í flugvél frá Austur-Pýskalandi til Íslands. Þegar flugvélin var yfir Vestmannaeyjum leit maðurinn út um gluggann, sá Heimaey og hugsaði með sjálfum sér: – Þetta er ekki stór staður, hvernig á tónlistarmaður að geta þrífist þarna? Það gerði hann samt á sjötta ár. Þetta var verðandi organisti Landa-kirkju, Martin Hunger, sem nú heitir Marteinn Friðriksson og er dómorganisti í Reykjavík.**

„Ég kom hingað árið 1964, í desember, frá námsborg minni Leipzig, þá nýútskrifaður organisti. Ástæðan fyrir komu minni voru gömul tengsl Páls Ísólfs-sonar við skólann minn. Kennari Páls, Grisch, starfaði við skólann og hafði verið í heimsókn hjá Páli og var þá spurður hvort hann gæti ekki útvegað organista, það vantaði einn slíkan til Vestmanna-eyja. Það varð úr að ég færi, ég var ráðinn til tveggja ára í fyrstu. Þetta var spennandi fyrir ungan mann, en þegar ég sá Heimaey út

um gluggann á flugvélinni brá mér. Hvernig gat tónlistarmaður þrífist á svona litlum stað? Ótti minn reyndist ástæðulaus, Vestmannaeyingar reyndust mér vel. Ég var hjá þeim í hálf tveggja ár, lék á orgelið í kirkjunni, stjórnaði Samkór Vestmannaeyja og kenndi við tónlistarskólann.“

### Af kirkjufólki kominn

– Hvað réð því að þú komst til Íslands?

„Ég veit það ekki. Ævintýralöngun kannski. Það gæti verið eitthvað af ævintýrablóði í ættinni, langafi minn var td. trúboði á Grænlandi í 17 ár.“

– Ertu af kirkjufólki kominn?

„Já, afi minn var prestur í Pýskalandi, svona gamall og yndislegur sveitaprestur. Faðir minn var ekki prestur en hann og móðir mín voru kirkjurækið fólk.“

– Er tónlist í ættinni?

„Nei, ég hlaut þetta ekki í arf eins og Bach sem var kominn af organistum langt aftur í ættir. Móðir mín söng að vísu í kirkjukór, en það sem réð mestu um að ég fór í tónlistarnám var að það var ýtt mikið undir það á þessum árum og mjög algengt að börn væru látin læra tónlist. Organist-

ar náðu sér gjarnan í aukastörf við einkakennslu og ég var sendur til organista að læra á pianó. Aðalkennari minn og fyrirmynd var organisti við dómkirkjuna í fæðingar bæ minum, Meissen. Mér fannst þetta starf vera skemmtilegt svo ég hélt áfram í náminu.“

– Uppeldisár þín eru stríðið og eftirstríðsárin, voru þau ekki erf-  
ið?

„Stríðsárin fóru alveg framhjá mér, ég var svo lítil, en auðvitað var mér sagt mikið frá þeim eftir. Meissen slapp óskemmd en hún er rétt hjá Dresden sem sprengd var í rústir. Á eftirstríðs-árunum var næg atvinna en matur af skornum skammti og margar fjölskyldur í sárum. Ég missti föður minn í stríðinu en það stóð svipað á í flestum fjölskyldum. Ég slapp við að upplifa sorgina, hún var falin fyrir okkur börnun-um. Eins var matarskorturinn ekki látinn bitna á börnunum, þeir fullorðnu neituðu sér frekar um mat. Annars á ég erfitt með að gera mér grein fyrir því hvort við liðum mikinn skort, ég hef engan samanburð við það hvernig ástandið var annars staðar á þessum tíma.“

– Þú kemur úr trúuðum for-eldrahúsum og elst upp í ríki sem kenndir sig við sósíalísma. Lentuð

þið ekki í neinum árekstrum við yfirvöld?

### Trúin og ríkisvaldið

„Jú, það kom fyrir. Það má margt gott segja um Austur-Pýskaland. Þar er gott skólakerfi og tryggingakerfi og næg atvinna. Allt er þetta til fyrirmyndar. En öðruhvoru braust út hjá yfirvöld-um hræðsla við kirkjuna og það bitnaði ma. á skólagöngu minni. Það stóð ekki til að börn kirkju-fólks kæmst áfram í skólakerfi-  
inu og ég átti ekki að fá að ganga í menntaskóla. Svo þegar ég var kominn á háskólaaldur var búið að setja á kvóta eftir stéttum. Það þýddi td. ekki fyrir mig að sækja um í háskóla nema ég hefði fyrst gerst verkamaður. Aðrar reglur giltu hins vegar um tónlistarháskóla, þar var það undirbúning-urinn sem farið var eftir við inn-töku.“

Ár mín í tónlistarháskólanum voru yndislegur tími. Síðustu 5 árin var ég á styrk frá ríkinu sem létti mikið á móður minni. Áður hafði ég verið í kirkjuskóla og móðir mín orðið að greiða fyrir upphald mitt á heimavist. Þegar ég lít til baka get ég ekki sagt annað en að það hafi verið gott að vera unglíngur í Austur-

Pýskalandi, að því frátöldu að þessi ótti yfirvalda við kirkjuna birtist í því að unglíngar frá trú-  
uðum heimilum fengu minni fyr-irgreiðslu en aðrir. Mér hefur alltaf fundist þessi ótti ástæðu-  
laus, en svona er þetta því miður í sósíalísku ríkjunum, þar eru trúmálin feimnismál.

Ég hef líka orðið var við þetta hjá Þjóðviljanum,“ segir Mar-teinn og lítur út undan sér á blað-amann. „Hér áður fyrr var oft erfitt að fá inni fyrir fréttir af kirkjustarfinu í Þjóðviljanum. Ég hef tekið eftir því að fólk sem tengist Þjóðviljanum og Alþýðu-bandalaginu afneitar ekki guði, en það er ósátt við kirkjuna sem stofnun. Þess vegna verða trú-málin feimnismál fyrir því.“

### Kirkjutónlistin er svo falleg

– Var ekkert erfitt fyrir þig að fá leyfi til að flytjast til Íslands?

„Fyrst hélt ég að það væri bók-staflega ekki hægt að flytja úr austantjaldslandi yfir í Natóland eins og Ísland. En það var mikið unnið að málinu hér á landi og eftir nokkurt þref gekk það.“

– Ætlaðir þú þér strax að setj-ast hér að?

„Nei, ég var ráðinn til tveggja ára og ætlaði þá heim aftur. Ég

# Sorgin var falin fyrir börnunum

Marteinn Friðriksson dómorganisti ólst upp í stríðshrjáðri Mið-Evrópu en er nú orðinn allra manna íslenskastur



Marteinn við gamla orgelið í Dómkirkjunni sem hann er hálfheiminn við að bjóða útlendingum. (Mynd: Atli).

átti mér draum um að verða organisti við stóra kirkju í Þýskalandi og var reyndar byrjaður að láta hann rætast. Ég vann sem kirkjuorganisti í hálfu ári meðan ég beið eftir að komast til Íslands.

Sennilega hefði ég ekki flest hér nema vegna þess að ég fékk starf í Reykjavík. Það var fyrir algera tilviljun. Það var auglýst eftir organista við Háteigskirkju. Ég sótti um og fékk starfið. Þegar ég kom til Reykjavíkur fannst mér ég geta gert það sem mig hafði dreymt um.

– Var það fyrst og fremst trúin sem fékk þig til að einbeita þér að kirkjutónlist?

„Nei. Auðvitað á það sinn þátt að ég er trúður. En aðalástæðan er sú að mér finnst kirkjutónlist svo falleg og starf kirkjutónlistar, manns getur verið frjálst og tilbreytingaríkt. Ég held að það sé ansi þreytandi að spila á böllum eða þegar maður leikur sömu óperuna í 30 skipti. Sem kirkjutónlistarmaður getur maður mótað sitt starf og valið að leggja áherslu á kórstarfið, orgelleikinn, samvinnu kórs og hljómsveitar eða tekið upp samstarf við tónskáld. Þessu ræður maður sjálfur.“

### Nauðsynleg tengsl

– Þú kemur frá Mið-Evrópu þar sem ríkir sterk hefð fyrir kirkjutónlist. Finnst þér Ísland ekki vera einangrað að því leyti?

„Nei, þegar ég kom hafði verið unnið mikið brautryðjendastarf hér á sviði tónlistar. Þar voru að verki menn á borð við Pál Ísólfsson og flóttamenn frá nasismanum, Róbert Abraham Ottósson, Victor Urbancic og Hans Edelstein. Á sviði kórsöngs verður að nefna Ingólf Guðbrandsson og Pólyfónkórinn hans. Tónlistarfélag Reykjavíkur hafði einnig haft mikil áhrif. Íslenskt tónlistarlíf var því komið á hátt stig þegar ég kom inn í það. Ég kynntist líka fljótt góðum tónlistarmönnum.“

Á síðustu árum hef ég lagt áherslu á tengslin við útlenda tónlistarmenn, enda er það orðið auðveldara en áður. Hér í Dómkirkjunni efnum við árlega til Tónlistardaga á haustin og bjóðum yfirleitt þangað erlendu tónlistarfólki. Það er auðvitað kostnaðarsamt en við teljum það nauðsynlegt til þess að við séum ekki alveg ein. Kórin styður mig í þessari viðleitni og það er hann sem fjármagnar heimsóknirnar, við njótum engra styrkja, heldur renna þær greiðslur sem kórin fær fyrir söng sinn til þess að kosta tónlistardagana.“

### Töluvert samið af kirkjutónlist

Samtal okkar Marteins fer fram í litlu herbergi í turni Dómkirkjunnar, inn af safnaðarherberginu sem er í risinu ofan við kirkjuskipið. Húsbúnaður er fábrotinn og lítið um skraut á veggjum. Þó hanga á einum stað nokkrar teikningar sem Marteinur vekur athygli mína á.

„Þetta er nýja orgelið sem við fáum væntanlega á næsta ári,“ segir hann og ákafinn leynir sér ekki. „Tilkoma þess hefur í för með sér að við getum kinnroðalaust boðið hingað góðum organistum. Við erum hálfveimin við að bjóða þeim upp á gamla orgelið, því þótt okkur þyki vænt um það er það engan veginn sambærilegt við það sem gerist erlendis. Gunnar heitinn Thoroddsen vann að því síðustu árin sem hann lifði að tryggja okkur fé til orgelkaupanna og aðrir stjórnálamenn hafa lagt því lið, t.d. Ragnar Arnalds fyrrum fjármálaráðherra.“

– Áttu mikið samstarf við íslenska tónlistarmenn?

„Já, við látum t.d. semja verk fyrir Tónlistardagana á hverju ári. Ég hef gert mikið af því að hvetja tónskáld til að semja kirkjutónlist og það hefur smitað

út frá sér, kollegar mínir gera það sama.“

– Er mikið samið af kirkjutónlist hér á landi?

„Já, það er töluvert um það. Á því sviði liggur mest eftir þá Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Asgeirsson og Leif Þórarinnsson, já og Gunnar Reynir Sveinsson hefur líka samið kirkjuleg verk. Menningsamstarf Norðurlandanna hefur ýtt undir þessa þróun. Kórar hafa fengið kirkjuleg verk eftir íslenska höfundu og flutt þau hér og erlendis þar sem þau hafa vakið athygli. Við erum stolt af því að geta flutt ný, íslensk tónverk.“

Þarna hefur orðið mikil breyting á síðustu árum. Það er ekki langt síðan nútímatónlist var viðurkennd hér á landi. Þess vegna er ánægjulegt að finna hve mikill áhugi er á nýjum verkum og að Íslendingar vilja sýna öðrum þjóðum hvað gert er á þeim vettvangi.“

### Stöndumst samanburð

– Hvað veldur þessum aukna áhuga?

„Fyrst og fremst aukið tónlistaruppeldi. Það er til fyrirmyndar hve mikill áhugi er sýndur tónlistarnámi barna og unglinga. Nú eru risnir tónlistarskólar úti um

allt land og vel búið að tónlistinni. Þetta hefur líka skilað þeim árangri að Ísland stenst fyllilega samanburð við stærri þjóðir. Við eigum góða einleikara, einsöngvara og kóra.“

– Er starf dómorganista íslensku þjóðarinnar fullt starf?

„Nei, ég er aðeins í hálfu starfi, kenni líka í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Ég tel það miður að starf organista sé aðeins hlutastarf. Það er nauðsynlegt að hann hafi góðan tíma til að sinna kirkjutónlist. Á þessu sviði er Ísland styst á veg komið á Norðurlöndunum. Í Noregi eru dómorganistar t.d. ríkisstarfsmenn. Hér eru organistar starfsmenn safnaðanna. Þetta er ekki fyrir áhugalessi kirkjunnar, það er ríkið sem ekki vill bæta við starfsmönnum. Kirkjan hefur ekki það fjármagn sem þarf til að ráða okkur í fullt starf.“

### Tala íslensku við Þjóðverja

Eins og áður segir hefur Marteinur dvalið hér í tuttugu ár og er fyrir alllöngu orðinn íslenskur ríkisborgari. En er hann í raun og veru orðinn Íslendingur?

„Ég hef frá upphafi reynt að haga mér ekki sem útlendingur. Ég hef t.d. forðast að bera saman

lífið hér og erlendis, það er ekki hægt og veldur því bara að manni fer að líða illa. En mér líður vel, ég er ánægður og það skiptir mestu. Ef maður er ánægður með starf sitt skiptir minna máli hvað maður fær borgað fyrir það.“

Ég er orðinn svo mikill Íslendingur að ég tala við aðra fyrrverandi Þjóðverja á íslensku. Mér finnst rangt að útlendingar hópi sig saman og myndi með sér eigið samfélag. Maður á að aðlagast því samfélagi sem maður lifir í. Það mótar mann, enda er ég enginn Þjóðverji lengur, ég hugsa allt öðruvísi. Jú, mér finnst ég veraa orðinn Íslendingur.“

– Hefurðu ekki heimsótt þínar gömlu heimaslódir?

„Jú, ég hef gert það og það er orðið auðveldara eftir að stjórnmalasamband komst á milli ríkjanna.“

– Hvarflar aldrei að þér að flytja þangað aftur?

„Nei, og heldur ekki til annarra landa, alls ekki til Vestur-Þýskalands. Ég þyrfti þá að aðlagast mig upp á nýtt og á því hef ég engan áhuga. Ég kann vel við hugsunarhátt og lífsviðhorf Íslendinga. Annars staðar skiptir það mestu máli hvaða stétt maður tilheyrir eða af hvaða ætt maður er, en hér byggir maður sjálfan sig upp.“

### Enginn

### þrússneskur agi

– En fer smæð þjóðarinnar og kunningjasamfélagið ekki í taugarnar á þér?

„Auðvitað hef ég tekið eftir því að það er gott að maður þekki mann, en mér finnst það mannúðlegra og eðlilegra heldur en að setja efst hvort maður er úr réttri stétt eða réttum flokki. Ég hef kynnst mjög góðu fólki hér á Íslandi og vinahópurinn hefur stækkað ár frá ári. Ég hef alltaf fundið að fólk vill hjálpa mér en ekki að það komi fram við mig sem útlending.“

– Þú ert fjölskyldumaður, finnst þér íslenskt fjölskyldulíf vera frábrugðið því sem þú þekkir?

„Nei, það er ekki svo frábrugðið þýsku fjölskyldulífi. Ég á konu og þrjú börn og ég el mín börn upp eins og Íslendinga, tala eingöngu við þau íslensku.“

– Þýskt uppeldi er orðlagt fyrir strangan aga.

„Ég ólst ekki upp við mikinn aga. Faðir minn var félagsráðgjafi og móðir mín fóstura. Þau fóru seint að eignast börn og ég er yngstur svo ég hef sennilega verið fordekráður. Ætli ég endurtaki það svo ekki á mínum börnum.“

– ÞH

# Rétt byrjun reynist best

Láttu okkur athuga hverjar þarfir þínar eru á sviði hugbúnaðar og tölvukerfa. Við hjálpum þér að undirbúa jarðveginn þannig að þegar þú kaupir tölvu þá nýtist hún sem allra best.



ÁRAMÓT FRAMUNDAN.  
IBM PC/XT TIL  
AFGREIÐSLU.

Hjá okkur slærðu þrjár  í einu höggi:

1. Hugbúnað
2. Tölvur
3. Þjónusta

Okkar þekking í þína þágu

GÍSLI J. JOHNSEN 

TÖLVUBÚNAÐUR SF – SKRIFSTOFUBÚNAÐUR SF  
SMÍÐJUVEGI 8 – P.O. BOX 397 – 202 KÓPAVOGI – SÍMI 73111